



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme

## Hvað er Europass?

*Í hnotskurn má segja að Europass sé safnheiti yfir staðlaða menntunar- og starfshæfnimöppu. Meginmarkmiðið með nýjum Europass er að auðvelda gegnsæi menntunar og starfsreynslu, bæði heima og að heiman. Europass er einnig ætlað að auðvelda samhæfingu prófskírteina og viðurkenninga og þar með auðvelda samamburð menntunar og reynslu yfir landamæri í Evrópu. Vonast er til að frumkvæðið verði til þess að auka hreyfanleika fólks á milli landa, bæði vegna menntunar og atvinnu.*

Í Europass möppunni eru fimm skírteini eða skjöl, sem þegar eru til, en verða samhæfð og hægt verður að tengja þau hvert öðru. Hægt er að nota öll fimm skírteinin í einu eða hvert fyrir sig. Þau lýsa mismunandi þáttum í menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, tungumála- og menningarreynslu, auk óformlegri þátta eins og persónulegri hæfni einstaklings. Í möppunni sem verður samhæfð fyrir öll lönd Evrópu verða því öll skírteini sem skipta máli vegna menntunar- og starfshæfni einstaklings. Einstaklingum gefst færi á að safna eftirfarandi skírteinum í möppuna:

- Evrópskri ferilskrá – CV
- Mati og viðurkenningu á starfsmenntun
- Viðauka við prófskírteini - skírteinisviðauka
- Starfsmenntavegabréfi
- Tungumálavegabréfi



## Europass ferilskrá

Europass ferilskráin er undirstaða allra Europass skjalanna. Hún er byggð upp á sama hátt á öllum tungumálum og auðveldar einstaklingum að sýna fram á hæfni sína.

Hver er ávinningurinn af því að nota Europass ferilskrána?

- Í Europass ferilskrána eru skráð fleiri atriði en í hefðbundinni ferilskrá. Þar er einnig skráð tungumálakunnátta, félags- og tæknileg færni, tölvukunnátta, listræn færni og önnur færni og hæfni sem fengist hefur annað hvort í gegnum starf eða menntun á vinnustað eða annars staðar.
- Europass ferilskrána má aðlaga að þörfum hvers og eins. Til dæmis er ólíklegt að ungur einstaklingur hafi jafn mikla reynslu og eldri maður og því er hægt að þurrka út úr eyðublaðinu það sem ekki á við.
- Europass ferilskráin er til á 25 tungumálum.



## Europass ferilskrá

### Persónulegar upplýsingar

Nafn / . **Jón Jónsson**  
Heimilisfang (-föng) Laufásvegur 3, 2. hæð til vinstri,  
IS-101 Reykjavík (Ísland)  
Sími (-ar) (354) 555 22 44  
Netfang (-föng) nonni@net.is  
Fæðingardagur 2. apríl 1963

Farsími | (354) 897 888 456

### Starf sem óskað er eftir / starfssvið

#### Starfsreynsla

Dagsetningar	01 febrúar 1999
Heiti starfs eða stöðu	Sérfræðingur
Helstu þættir starfs og ábyrgðar	Safna upplýsingum frá svæðaskrifstofum, færi inn í gagnagrunn, staðreyni og stemmi af, hef samband við skrifstofur ef eitthvað virðist athugavert. Kem upplýsingum til birtingar á heimasíðu og á prenti.
Nafn og heimilisfang vinnuveitanda	Hagstofa Íslands Borgartúni 21a, 107 Reykjavík (Ísland)
Teg. starfsemi eða atvinnugreinar	Opinber þjónusta
Dagsetningar	01 ágúst 1997 - 31 janúar 1999
Heiti starfs eða stöðu	Hagfræðingur
Helstu þættir starfs og ábyrgðar	Fór yfir gildandi brunabótamat einstakra fasteigna í samvinnu við fagaðila og reiknaði út nýtt mat á grundvelli nýjustu upplýsinga um viðkomandi fasteignir og ástand þeirra.
Nafn og heimilisfang vinnuveitanda	Fasteignamat ríkisins Borgartúni 21a, 105 Reykjavík (Ísland)
Teg. starfsemi eða atvinnugreinar	Opinber þjónusta
Dagsetningar	01 ágúst 1995 - 31 júlí 1997
Heiti starfs eða stöðu	Kennari
Helstu þættir starfs og ábyrgðar	Kennði nemendum hagfræðigreinar, hafði umsjón með bekkjum og sá um heimasíðu skólans.
Nafn og heimilisfang vinnuveitanda	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ Skólabraut, 270 Garðabæ (Ísland)
Teg. starfsemi eða atvinnugreinar	Menntamál

### Menntun og þjálfun

Dagsetningar 01 september 1993 - 30 maí 1995  
Heiti prófgráðu MA-próf  
Helstu námsgreinar / þjálfun Hagfræði  
Nafn og tegund menntastofnunar Háskóli Íslands  
v. Suðurgötu, 107 Reykjavík (Ísland)

Dagsetningar 01 september 1990 - 30 maí 1993  
Heiti prófgráðu BA-próf  
Helstu námsgreinar / þjálfun Hagfræði  
Nafn og tegund menntastofnunar Háskóli Íslands  
v. Suðurgötu, 107 Reykjavík (Ísland)

## Færni og kunnátta

Móðurmál (eitt eða fleiri)

Íslenska

Annað/önnur tungumál

Sjálfsmat  
Evrópuviðmið (\*)

**Enska**  
**Danska**  
**Þýska**

Skilningur				Talmál				Skriftir	
Hlustun		Lestur		Samræður		Talmál			
C1	Fær notandi	C2	Fær notandi	B2	Sjálfstæður notandi	C1	Fær notandi	B1	Sjálfstæður notandi
B1	Sjálfstæður notandi	B2	Sjálfstæður notandi	B1	Sjálfstæður notandi	B1	Sjálfstæður notandi	A2	Lágmarkskunnátta
A2	Lágmarkskunnátta	A2	Lágmarkskunnátta	A1	Lágmarkskunnátta	A1	Lágmarkskunnátta	A2	Lágmarkskunnátta

(\*) [Samevrópski matsramminn fyrir tungumál](#)

Félagsleg færni og kunnátta

Á gott með að umgangast fólk og eiga við það uppbyggileg samskipti til þess að ná sameiginlegum markmiðum. Starfa vel í hópi, undir álagi þegar halda þarf tímafresti svo og þegar taka þarf á erfiðum einstaklingum. Þessarar færni hefur verið aflað við mismunandi aðstæður á ólíkum vinnustöðum og í tómstundum. Nefni sem dæmi íþrótt- og æskulýðsstarf á yngri árum, þegar ég sótti félagsmiðstöðvar með jafnöldrum og stundaði knattspyrnuþjálfun hjá KR. Einnig við kennslustörf, þar sem sinna þarf ólíkum einstaklingum með misjafnt skap, misjafnar þarfir og getu, en ekki sist á þeim vinnustöðum sem ég hef starfað á síðustu fimm árin.

Skipulagsfærni og kunnátta

Skipulagsfærni mín felst fyrst og fremst í að skipuleggja eigin tíma þannig að hann nýtist vel og ég skili verkum á tilskildum tíma. En kenna felst einnig í því að skipuleggja vinnu fram í tímann og hafa marga hluti í huga á sama tíma.

Færni og kunnátta á tæknisviði

Ég aflaði mér umfangsmikillar þekkingar á tölvum og tölvuforritum við nám mitt í MR, kom að útgáfu veftimarits þar og hafði að vissu marki umsjón með tölvukosti skólans, að því leyti sem nemendum var falin slík umsjón. Þekki öll helstu ritvinnslu-, töflu- og gagnagrunnsforrit sem notuð eru í dag, auk forritunar- og kerfismála.

Tölvufærni og kunnátta

Gott vald á Microsoft Office™ hugbúnaði (Word™, Excel™ og PowerPoint™); nokkurt vald á tölvuteiknun og hönnun (Adobe Illustrator™, PhotoShop™).

Færni og kunnátta á sviði lista

Ég lék á tenórhorn í lúðrasveit á yngri árum. Skrifaði reglulega í skólabláð MR pistla um bókmenntir og tónlist.

Önnur færni og kunnátta

Ég hef mikinn áhuga á ættfræði og þekki ýmis ættfræðiforrit, hef haldið til haga upplýsingum um ættir mínar og eiginkonu minnar, en rætur þeirra liggja víða, m.a. í Kanada.

## Aðrar upplýsingar

Ég vísa á fyrrverandi vinnuveitendur mína:

- Tómas Jónsson, forstjóra fasteignamats ríkisins
- Gunnlaug Pálsson, skólameistara,
- Sigurð Gunnbjörnsson, verkstjóra hjá Orkuveitu Reykjavíkur

## Viðaukar

Meðfylgjandi eru afrit af eftirtöldum skírteinum:

- MA-prófskírteini frá Háskóla Íslands
- - Meðmæli vinnuveitenda

EVROPSK TUNGUMÁLAVIÐMIÐ - SJÁLFSMATSRAMMI

	A1	A2	B1	B2	C1	C2	
S K I L N I N G U R	Hlustun Ég get skilið algeng orð og einfaldar setningar um sjálfa(n) mig, fjölskyldu mína og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt.	Ég get skilið setningar og algeng orð sem tengjast mér persónulega (t.d. fjölskyldu mína, innskaup, nánasta umhverfi og atvinnu). Ég get skilið aðalatriðin í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum.	Ég get skilið aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.þ.h. Ég get skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengjast mér persónulega eða faglega þegar talað er tilíðulega hægt og skýrt.	Ég get skilið langan málfutning og fyrirlestra, og get fylgt með frekar fjóknum rökkræðum ef efnið er mér kunnugt. Ég get skilið fréttir og flesta sjónvarpsþætti með fréttatengdu efni. Ég get skilið flestar kvikmyndir á stöðluðum mállyskum.	Ég get skilið langan málfutning jafnvel þegar talað er óskipulega og þegar samhengi er einungis gefið í skyn en ekki nákvæmlega skýrt tilgreint. Ég get skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfðleika.	Ég á ekki í neinum erfðleikum með að skilja fólk hvort heldur þegar það talar eða þegar talað er í útvarpi / sjónvarpi, jafnvel þegar talað er hratt af þeim sem hafa tungumálið að möðurmáli, svo fremi sem ég hef fengið tíma til að venjast málheimum.	
T A L M Á L	Samræður Ég get tekið þátt í einföldum samræðum ef hinn aðili er reiðubúinn að endurtaka eða umræða hluti hægt og hjálpa mér að koma orðum að því sem ég er að reyna að segja. Ég get spurt og svarað einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.	Ég get lesið stutta og einfalda texta. Ég get fundið tiltekna, fyrirsjáanlegar upplýsingar í einföldu, hversdagslegu efni, t.d. í auglýsingum, kynningarbæklingum, matsæðlum og tímatölum. Ég get líka lesið stutt og einföld bréf.	Ég get lesið töluvert fjölda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðatorða sem tengist atvinnu minni. Ég skil lýsingar á atburðum, tíflíningum og óskum í persónulegum bréfum.	Ég get lesið greinar og skýrslur sem tengjast vandamálum samtímans þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir. Ég skil nútíma bókmenntatexta.	Ég get lesið langa og fjókna texta og bókmenntaverk, og get greint síflbrigði. Ég get lesið sérfræðigreinar og lengri tæknileiðbeiningar, jafnvel þótt það tengist ekki minni sérsviði.	Ég get auðveldlega lesið nánast allar gerðir skrifaðs máls, þar með talið fræðilega texta, setningafræðilega eða málfræðilega fjókna texta eins og handbækur, sérfræðigreinar og bókmenntaverk.	
S K R I F T I R	Talmál Ég get notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu minni og fólki sem ég þekki.	Ég get myndað nokkrar setningar til þess að lýsa fjölskyldu minni og öðru fólki á einfaldan hátt, segi frá búsetu minni, menntun og þeirri vinnu sem ég stunda eða hef stundað.	Ég get tengt saman orðasambönd á einfaldan hátt til þess að lýsa reynslu og atburðum, draumum mínum, væntingum og framfaraförum. Ég get rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir minar og fyrirætlanir. Ég get sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum mínum.	Ég get gefið skýra og nákvæma lýsingu á ýmsum hlutum sem tengjast minni áhugasviði. Ég get útskýrt skoðanir mínar á mállefnum sem eru ofanlega á baugi og lýst bæði kostum og göllum við mismunandi valkosti.	Ég get gefið skýrar, nákvæmar lýsingar á fjóknum mállefnum í mörgum liðum, rætt ákveðin atriði og dregið saman í viðeigandi niðurstöður.	Ég get á skýran hátt og reiprennandi gefið lýsingu á eða rökraett á þann hátt sem hentar samhenginu og notað málið á áhrifaríkan hátt til að hjálpa þeim sem hlustar að taka eftir og leggja miktivæg atriði á minnið.	Ég get skrifað skýran og lipran texta í ritstíli sem hæfir tilfinnu. Ég get skrifað fjókan bréf, skýrslur eða greinar þar sem áhrifarík uppbygging er notuð til að setja málið fram á þann hátt að það hjálpi lesandanum að taka eftir og muna aðalatriði. Ég get skrifað útdrætti og ritböma um sérfræðilega texta eða bókmenntaverk.

## Fyrir hvern er Europass?

Europass er fyrir alla, óháð aldri, sem vilja skjalfesta nám sitt og eða reynslu, í yfir 30 þáttökulöndum innan Evrópu.

## Hvernig má nálgast Europass skírteinin?

Aðgengi að skírteinunum er mismunandi. Ferilskrá og tungumálavegabréf fylla einstaklingar út sjálfir, annað hvort rafrænt eða á pappír. Viðaukar við prófskírteini munu fylgja háskólaprófum og mat og viðurkenning á starfsmenntun er aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins <http://www.europass.is> og á <http://www.menntagatt.is/>. Starfsmenntavegabréf þarf hins vegar að sækja um til Europass skrifstofunnar.

## Hvar er hægt að finna frekari upplýsingar?

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands hefur umsjón með og sér um kynningu á Europass á Íslandi.

Sími: 525 4920 • Netfang: [rthj@hi.is](mailto:rthj@hi.is)



